



STARFSLÝSING FYRIR SVIÐSSTJÓRA VELFERÐAR- OG MANNRÉTTINDASVIÐS

Staða: Sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs Akraneskaupstaðar.
Stjórnsýsla: Velferðar- og mannréttindaráð.
Yfirmaður: Bæjarstjóri.
Undirmenn: Starfsmenn velferðar- og mannréttindasviðs.

Meginviðfangsefni:

Sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs (hér eftir nefndur sviðsstjóri) hefur yfirstjórn á þeim verkefnum sem undir hans svið heyrja, s.s. málefni fatlaðra, málefni aldraða, félagsmál, mannréttindamál, heilbrigðismál og barnaverndarmál.

Meginhlutverk velferðar- og mannréttindasviðs er að veita íbúum sveitarfélagsins fjölbreytta félagsþjónustu skv. þeim lögum sem heyrja undir sviðið. Jafnframt að veita stoðþjónustu til sviða, deilda og stofnana Akraneskaupstaðar. Sviðsstjóri starfar með velferðar- og mannréttindaráði og vinnur að verkefnum samkvæmt ákvæðum erindisbréfs velferðar- og mannréttindaráðs og samkvæmt nánari ákvörðun bæjarstjóra.

Sviðsstjóri er yfirmaður þeirra deilda og stofnana er heyrja undir velferðar- og mannréttindaráð Akraneskaupstaðar. Stjórnskipulega heyrir starfið undir velferðar- og mannréttindaráð. Sviðsstjóri hefur umsjón og eftirlit með því að ákvörðunum bæjarstjórnar, bæjarráðs, velferðar- og mannréttindaráðs og bæjarstjóra í umboði bæjarstjórnar sé framfylgt.

Hann hefur umsjón og eftirlit með að framkvæmd laga og reglugerða sem gilda um starfsemi sveitarfélagsins og falla undir velferðar- og mannréttindaráð sé framfylgt. Sviðsstjóri ber ábyrgð á rekstri og faglegri starfsemi sviðsins og deilda sem undir það heyrja. Erindisbréf velferðar- og mannréttindaráðs Akraneskaupstaðar gildir um meginviðfangsefni starfsins, eftir því sem við á.

Starfsskyldur:

Sviðsstjóri skal vinna samkvæmt þessum samþykktum og reglum:

- ♦ Lögum og reglugerðum um félagsþjónustu sveitarfélaga, þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, barnaverndarlögum, lögum um málefni aldraða og öðrum þeim lögum og reglugerðum sem undir sviðið heyrja.
- ♦ Samþykkt bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar um stjórn og fundarskög nr. 696/2013.
- ♦ Erindisbréfi sviðsstjóra velferðar- og mannréttindasviðs.



- ♦ Erindisbréf velferðar- og mannréttindasviðs.
- ♦ Stefnumótun um gildi og framtíðarsýn Akraneskaupstaðar.
- ♦ Velferðastefnu Akraneskaupstaðar.
- ♦ Mannauðsstefnu Akraneskaupstaðar.
- ♦ Skólastefna Akraneskaupstaðar.
- ♦ Mannréttindastefnu Akraneskaupstaðar.
- ♦ Atvinnumálastefnu Akraneskaupstaðar.
- ♦ Öðrum samþykktum og reglum um stjórn og starfshætti í stjórnslu Akraneskaupstaðar sem bæjarstjórn staðfestir og varða verksvið starfsins.

Helstu verkefni eru þessi:

- ♦ Hefur eftirlit með því að lögum sem falla að málaflokknum sviðsins sé framfylgt.
- ♦ Vinnur að því að stofnanir og deildir er heyra undir hann uppfylli hlutverk sín og vinni að markmiðum þeim er bæjarstjórn setur á hverjum tíma.
- ♦ Setur heildarmarkmið varðandi gæði þjónustu og hefur forgöngu um könnun á gæðum hennar.
- ♦ Er ráðgefandi aðili við bæjarstjóra um þau málefni er undir hann heyra.
- ♦ Vinnur að langtímaáætlunum varðandi þau málefni er undir hann heyra.
- ♦ Hefur eftirlit með gerð starfs- og fjárhagsáætlunum stofnana og deilda sviðsins og veitir aðhald varðandi fjárhagsstöðu þeirra.
- ♦ Leggur fram erindi til velferðar- og mannréttindaráðs er varða starfsemi sviðsins.
- ♦ Gerir tillögur til bæjarstjóra og velferðar- og mannréttindaráðs varðandi stjórnskipulag.
- ♦ Sér um að hinar ýmsu starfsreglur innan sviðsins séu endurskoðaðar reglulega.
- ♦ Er ábyrgur fyrir virku upplýsingaflæði til forstöðumanna sem heyra undir sviðið.
- ♦ Annast önnur þau verk er bæjarstjóri felur honum.

Réttindi og skyldur:

Sviðsstjóri hefur réttindi og skyldur opinberra starfsmanna í samræmi við það sem kjarasamningar, lög og reglur kveða á um á hverjum tíma. Hann skal gæta trúnaðar í öllum málum sem hann vinnur að og helst sá trúnaður eftir að viðkomandi lætur af störfum.

Samþykkt á fundi velferðar- og mannréttindaráðs Akraness þann 22. janúar 2020.

Samþykkt á fundi bæjarstjórn Akraness þann 10. mars 2020.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,


Sævar Freyr Práinsson

bæjarstjóri